

161 41. gr. sveitarstjórnarlaganna, nr. 12 31. maí 1927, til þess að öðlast þegar gildi
7. des. og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 7. desember 1944.

Pétur Magnússon.

Páll Pálmason.

162

12. des.

REGLUGERÐ

um meðferð og mat nýrra þorskhrogna.

1. gr.

Öll þorskhrogn, sem ætluð eru til útflutnings ný eða hraðfryst, skulu látin í sérstaka vel hreina kassa jafnóðum og fiskurinn er slægður. Skulu þau afhent í kössunum á ákvörðunarstað, hvort sem um er að ræða frystihús, skip eða aðra móttöku- staði, þar sem búið er um hrognin til útflutnings. Kassa þessa má ekki nota undir annað en hrogn.

Skip eða bátar, sem ekki leggja afla sinn á land daglega, heldur geyma hann um skeið ísaðan í lest, skulu ísa hrognin í þessa kassa.

2. gr.

Hrogn, sem á að flytja út héðan ný eða hraðfryst, skulu metin og flokkuð af fiskimatsmönnum undir umsjón fiskimatsstjóra og yfirfiskimatsmanna. Skal það gert um leið og þau eru afhent til frystingar eða útflutnings. Séu hrognin fryst, skal því lokið ekki síðar en einum sólarhring eftir að veiðiskip, er hrognin afhenti, kom að landi og hafi þá veiðitími skipsins ekki verið lengri en heimilaður er fyrir fisk, sem ekki er ísvarinn, í 3. gr. reglugerðar um freðfiskmat frá 10. júlí þ. á.

Hafi hrognin verið ísuð í landi strax að aðgerð lokinni, má frystingin dragast allt að tveimur sólarhringum. Hafi þau hins vegar verið ísuð í veiðiskipi jafnóðum og aðgerð fór fram, og hafi veiðitíminn verið þrjár sólarhringar eða lengri, skal frystingu á þeim hrognum lokið 12 klukkustundum eftir að skipið kom að landi.

3. gr.

Tímatakmörk þau, sem sett eru um aldur hrogna til frystingar í 2. gr., skulu einnig gilda um þau hrogn, sem á að flytja út ísvarin. En um þau skal búa til útflutnings og ísa strax eftir móttöku. Skulu þau þá sett í gisna þoka, 14 lbs. í hvern, og ísuð í kassa eða stíur, er mega ekki vera hærri en 40 cm.

4. gr.

Hrognin skulu flokkuð í fyrsta og annan flokk. Í fyrsta flokk fara hrogn, sem eru ógotin, ekki blóðhlaupin og eru ósködduð af sprungum, mari, hnifsprettum og ekki gölluð að öðru leyti. Annars flokks hrogn mega vera nokkuð skorin eða rifin og jafnvel hálf, ef þau eru gallalaus að öðru leyti, en ekki kramin hrogn eða blóðhlaupin að neinu ráði.

Fiskimatsstjóri og yfirfiskimatsmenn gefa nánari fyrirmæli um framkvæmd matsins. Þeir skera úr vafaatriðum um mat og flokkun og úr ágreiningi, er fyrir kann að koma.

5. gr.

Kassar þeir, er nefndir eru í 1. og 2. gr., skulu vera úr hefluðum borðum og ekki úr þynnra efni en 2 cm. Borð á hliðum og göflum séu plægð, en botninn gisinn og

þó ekki meira bil milli fjala en 0,5 cm. Utan á göflunum séu okar úr sama efni og höldur úr kaðli eða tréklossar, sem hægt er að taka í þegar kössunum er lyft. 162
12. des.

Stærð kassanna skal vera þessi að innanmáli:

Lengd 62,5 cm, breidd 40 cm og hæð 20 cm.

Á kössunum eiga að vera lok, svo að ekki renni úr þeim í flutningi.

6. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 92 3. maí 1935, um meðferð, verkun, umbúðir og útflutning á sjávarafurðum.

Reglugerðin öðlast gildi 1. janúar 1945 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 12. desember 1944.

Áki Jakobsson.

Gunnl. E. Briem.

HAFNARREGLUGERÐ

163

fyrir Neskaupstað.

13. des.

I. KAFLI

Takmörk hafnarinnar.

1. gr.

Neskaupstaðarhöfn tekur yfir Norðfjörð, vestan línu, sem hugsast dregin úr Uxavogstanga í Hellisfjarðarnes.

II. KAFLI

Stjórn hafnarinnar.

2. gr.

Bæjarstjórn Neskaupstaðar hefur á hendi stjórn hafnarmálanna undir yfirmumsjón Stjórnarráðs Íslands.

Hafnarnefnd annast framkvæmdir hafnarmála og eftirlit með höfninni og hafnarmannvirkjum, sér um viðhald og umbætur á hvoru tveggja, stýrir öllum framkvæmdum, er þar að lúta, og annast fjárhald hafnarinnar og reikningsskil fyrir hönd bæjarstjórnar. Heimilt er þó hafnarnefnd, að fela bæjarstjóra eða öðrum, er hún ákveður, daglegar framkvæmdir og reikningshald, svo og eftirlit með höfninni og hafnarmannvirkjum.

Fé hafnarsjóðs má verja til hafnarbóta og hvers konar mannvirkja, er miða að því að bæta aðstöðu við höfnina.

3. gr.

Bæjarstjórn er heimilt að ráða hafnarvörð, eftir tillögum hafnarnefndar, sem setur honum erindisbréf. Þá getur hún einnig ráðið fleiri starfsmenn og sett þeim starfsreglur, ef þurfa þykir.

4. gr.

Hafnarnefnd er skipuð 5 mönnum, er bæjarstjórn kýs á sama hátt og til sama tíma og aðrar fastanefndir. Nefndin kýs sér sjálf formann. Varamenn skulu kosnir jafnmargir og á sama hátt.